

# FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Skagafjörð.

## I. KAFLI

### Stjórn fjallskilamála.

#### 1. gr.

Fjallskilasamþykkt þessi tekur til Skagafjarðar sem er eitt fjallskilaumdæmi.

Sveitarstjórn Skagafjarðar fer með yfirstjórn allra afrétta- og fjallskilamála í fjallskilaumdæminu samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986. Sveitarstjórn annast stjórn og framkvæmd fjallskilamála í hverri fjallskiladeild eftir því sem nánar er ákveðið í fjallskilasamþykkt þessari.

Landbúnaðar- og innviðanefnd Skagafjarðar fer með málefni fjallskiladeilda í umboði sveitarstjórnar. Ákvarðanir landbúnaðar- og innviðanefndar skulu hljóta staðfestingu sveitarstjórnar.

Fjallskiladeildir í umdæminu eru:

1. Austur-Fljót.
2. Vestur-Fljót – Hrolleifsdalur.
3. Unadalur.
4. Deildardalur.
5. Hóla- og Viðvíkurdeild.
6. Hegranes.
7. Skarðsdeild.
8. Sauðárkrókur.
9. Skagi.
10. Staðardeild.
11. Seyludeild, úthluti.
12. Seyludeild, framhluti og Lýtingsstaðadeild.
13. Hofsafréttur.
14. Akrahreppur.

Umdæmi framangreindra fjallskiladeilda miðast við gildandi afréttaskrá. Sveitarstjórn semur skrá yfir alla afrétti er notaðir eru í fjallskilaumdæminu. Í henni skal lýst merkjum þeirra og tekið fram hvaða jarðir eiga upprekstur á hvern afrétt svo og hverjir séu afréttareigendur, ef um afrétt í einkaeign er að ræða. Afréttaskrá gildir sem heimild fyrir upprekstrarétti hvers jarðar í fjallskilaumdæminu og verður henni ekki breytt, nema eftir tillögum sveitarstjórnar og með samþykki jarðeigenda eða umráðamanns jarðar. Breytingar á afréttum eða réttindum yfir þeim skulu færðar í afréttaskrá. Afréttaskrá skal geymd í skjalasafni sveitarfélagsins.

**2. gr.**

Að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skal sveitarstjórn Skagafjarðar skipa fjallskilanefnd fyrir hverja fjallskiladeild, að fenginni tillögu frá landbúnaðar- og innviðanefnd.

Í fjallskilanefnd skal skipa fjallskilastjóra, sem er formaður nefndar, og tvo eða fjóra meðstjórnendur, ásamt einum varamanni. Hver nefnd skal kjósa sér gjaldkera og ritara. Láti fjallskilastjóri af störfum skipar sveitarstjórn annan í hans stað. Skal nefndin sjá um stjórn og framkvæmd fjallskilamála á sínu svæði. Fjallskilastjórar skulu jafnframt vera fulltrúar í nefndum sameiginlegra svæða. Hafi fjallskiladeildir aðliggjandi eða sameiginlegt upprekstrarsvæði, og/eða ef hefð er fyrir samvinnu um stjórn fjallskilamála, er heimilt að skipa eina fjallskilanefnd fyrir að minnsta kosti tvær eða fleiri deildir, enda eigi hver deild fulltrúa í nefndinni.

Fjallskilanefnd er heimilt, að boða til almenns fundar um fjallskilamál, ef hún telur þess þörf. Krefjist 1/3 hluti aðila í fjallskiladeild almenns fundar skal hann haldinn.

Fjallskilanefnd ber þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín.

**3. gr.**

Nefnd hverrar fjallskiladeildar ber að halda sérstaka gerðabók. Í hana skal rita allar ákvarðanir og allt það sem máli skiptir um afrétta- og fjallskilamál í deildinni. Fundargerðir og ákvarðanir fjallskilanefndar skulu lagðar fyrir landbúnaðar- og innviðanefnd, óski hún þess.

Nefndir fjallskiladeilda skulu skila inn til landbúnaðar- og innviðanefndar rekstraráætlun hvers fjallskilasjóðs vegna komandi árs, fyrir 1. október ár hvert.

Nefnd hverrar fjallskiladeildar skal skila ársreikningi fyrir hvert almanaksár, að undangengnum fundi fjallskilanefndar, eigi síðar en 1. mars ár hvert. Í honum skulu vera greinargóðar og sundurliðaðar upplýsingar um tekjur, gjöld og eignir í sjóði. Ársreikningur skal sendur landbúnaðar- og innviðanefnd til samþykktar. Skagafjörður útvegar skráningarform, bæði fyrir rekstraráætlun og ársreikning.

**II. KAFLI****Um afrétti, ágang afréttarpenings o.fl.****4. gr.**

Land sem fjallskilaf framkvæmd tekur til skiptist í afrétti, beitolönd og heimalönd.

Afréttur er landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notaður til sumarbeitar fyrir búfé. Afréttur er annaðhvort þjóðlenda eða eignarland.

Beitilönd er eignarland, þ.e. sumarbeitilönd búfjár, sem notað er til upprekstrar eða sem sameiginlegur bithagi með líkum hætti og afréttir og skal ákvæðum í lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, eða fjallskilasamþykkt þessari beitt eftir því sem við getur átt, sbr. 12. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

Heimalönd er afgirt eignarland sem undirorpið er sérstakri og meiri háttar nýtingu eiganda eða ábúanda.

**5. gr.**

Upprekstri sauðfjár, geitfjár og hrossa í afrétt skal haga í samræmi við ákvarðanir fjallskilanefnda, þar með talið hvar í afrétti skuli sleppa búfænaði. Fjallskilanefndir skulu ákveða hve snemma sumars má reka í afrétt, að viðhöfðu samráði við fulltrúa Lands og skógar. Ógelta hrúta, hafra og hesta, veturgamla og eldri má eigi reka í afrétti eða beitolönd, enda eru þeir undanþegnir fjallskilagjöldum. Fjallskilanefndum er heimilt að banna upprekstur geitfjár á afrétti eða beitolönd.

Haga skal rekstri afréttarfjár gegnum beitolönd og heimalönd þannig að sem minnst ónæði verði af og skal fjallskilanefnd ákveða hvaða leiðir skuli reka á afrétt í samráði við landeigendur. Ef búfé safnast við afréttargirðingar, svo ami sé að, ber fjallskilanefnd að sjá til þess að það verði fjarlæggt. Enginn má taka búfénað úr afrétti nema með leyfi fjallskilanefndar.

#### **6. gr.**

Um upprekstrarrétt á afrétt fjallskiladeildar fer samkvæmt gildandi afréttaskrá.

Þessi réttur er óframseljanlegur og er öllum þeim sem hafa afnot af jörð eða jarðarhluta óheimilt að taka til upprekstrar sauðfé, geitfé eða hross frá öðrum. Fjallskilanefnd er heimilt að leyfa upprekstur hrossa í afrétt frá aðilum sem ekki eiga upprekstrarrétt á viðkomandi afrétt samkvæmt afréttaskrá. Einnig er fjallskilanefndum heimilt að samþykkja að umráðamaður lands taki til upprekstrar fé eða hross frá öðrum og skal þá taka fullt hagagjald fyrir sem fjallskilanefnd ákveður hverju sinni. Ábúendur hafa þó upprekstrarrétt fyrir fjallskilaskyldan fénað heimilismanna sinna.

#### **7. gr.**

Eftir að sauðfé, geitfé eða hrossum hefur verið sleppt á afrétt eða í beitolönd, og allt til fyrstu gangna, má enginn smala afrétti eða beitolönd, né valda búpeningi sem þar gengur ónæði, nema með leyfi viðkomandi fjallskilanefnda.

Heimilt er þó fjallskilanefndum að ákveða smölun afrétta og beitolanda á því tímabili, ef þær aðstæður kynnu að skapast sem krefðust þess. Landeigandi sem hyggst smala beitoland fyrir göngur skal tilkynna fjallskilastjóra um það með þriggja daga fyrirvara hið minnsta. Eigi er honum skylt að gera skil á afbæjarfé, né eiganda að sækja það, fyrr en við boðaða gangnadaga.

#### **8. gr.**

Verði mikil brögð að ágangi búfjár, getur sá er fyrir verður, gert fjallskilanefnd og/eða landbúnaðar- og innviðanefnd aðvart. Ef um verulegan eða óeðlilegan ágang er að ræða, skal fara eftir ákvæðum IV. kafla laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

Nú verða eigendur eða ábúendur jarða, er að afrétti liggja, fyrir verulegum ágangi afréttarpenings, geta þeir þá krafist girðingar skv. 6. gr. girðingarlaga, nr. 135/2001, sbr. 12. og 32. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

### **III. KAFLI**

#### **Um göngur og réttir.**

#### **9. gr.**

Fjallskilaskyldur er hver landeigandi/ábúandi sem upprekstrarrétt á samkvæmt afréttaskrá.

Skal hver leggja til fjallskil á þann hátt, sem fjallskilanefnd ákveður.

Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu, eftir því sem þörf krefur og við verður komið, ella goldin í peningum eftir mati fjallskilanefndar.

Þeim kostnaði fjallskilasjóðs sem ekki verður inntur af hendi með skylduvinnu og tekjur sjóðsins hrökkva ekki fyrir, er heimilt að jafna niður á fjallskilaskylda aðila í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds búpenings.

Fjallskilanefnd metur allan fjallskilakostnað fjallskiladeildar til peningsverðs og jafnar honum á alla gjaldendur fjallskiladeildar. Heimilt er að leggja hluta fjallskilakostnaðar á jarðir eða landverð jarða samkvæmt

fasteignamati, að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda. Óheimilt er að leggja meira en 1/3 af heildarkostnaði fjallskila á landverð.

Skal jafnt gjald lagt á hvert stóðhross og 7 kindur. Fjallskilanevnd má breyta þessu gjaldhlutfalli ef þurfa þykir. Skyldur er hver jarðareigandi að inna af hendi fjallskil fyrir sig, heimafólk og aðra, sem eiga hjá honum fénað. Fjallskilanevnd skal leggja ásetningsskýrslur staðfestar af atvinnuvegaráðuneytinu til grundvallar við niðurlögnun fjallskilagjalda á alla fjallskilaskylda búfjáreigendur viðkomandi jarðar.

Til fjallskilakostnaðar telst m.a. vinna við göngur og allur kostnaður sem fellur til við að inna fjallskilin af hendi, svo sem kostnaður við smalahross, matseld, viðhald gangnamannahúsa, vegslóða, tæki og vélar, ásamt öðrum kostnaði sem til fellur. Einnig telst kostnaður við uppsetningu og viðhald rétta ásamt kostnaði við náthagagirðingar, réttarstjórn og afréttagirðingar samkvæmt 6. gr. girðingarlaga, nr. 135/2001, til fjallskilakostnaðar.

Fjallskilanevndir skulu sjá um að koma upp og halda við skilaréttum, sem og hentugum skýlum fyrir gangnamenn, hesta og hunda á afréttum, þar sem slíks er þörf og skal kostnaður sá sem af þessu hlýst greiddast úr sveitarsjóði, enda hafi sveitarstjórn samþykkt framkvæmdina áður en til kostnaðar er stofnað. Fjallskilanevndir hafa alla umsjón með mannvirkjum þessum nema sveitarstjórn ákveði annað fyrirkomulag.

Sveitarstjórn getur ákveðið, að sérstakir kostnaðarliðir sem af fjallskilum stafa greiddist úr sveitarsjóði, skv. 46. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, enda sækji viðkomandi fjallskilanevnd um framlag í fjárhagsáætlun áður en til kostnaðar er stofnað.

#### 10. gr.

Skyldur er hver eigandi fénaðar að gera fjallskil í þeirri fjallskiladeild sem fénaði hans er framfleytt í árlangt, þótt hann eigi þar ekki lögheimili, enda er hann þá ekki fjallskilaskyldur af þeim fénaði þar sem hann á lögheimili. Ekki er hægt að leggja á sama búfjáreiganda í tveimur fjallskiladeildum nema að höfðu samráði milli deildanna um álagningu gjalda á viðkomandi búfjáreigendur, þ.e. heimilt er að skipta fjallaskilakostnaði búfjáreiganda á milli deilda.

#### 11. gr.

Þar sem tvær eða fleiri fjallskiladeildir nota sama afrétt, eða afréttir liggja saman, skulu hlutaðeigandi fjallskilanevndir eða fjallskilastjórnar eiga með sér fund, eigi síðar en 15. ágúst ár hvert, til að ákveða hvernig göngum skuli hagað haust hvert. Á þessum svæðum skal leitast við að göngur fari fram samtímis a.m.k. einu sinni á hausti. Fjallskilastjóri í þeirri fjallskiladeild sem fjárflest er, kveður til þessa fundar. Skal þá hver fjallskilastjóri leggja fram skýrslu um fjölda sauðfjár, geitfjár og stóðhrossa á fjallskilaskyldum staðfesta af atvinnuvegaráðuneytinu og eftir þeim skýrslum fer, hvernig fjallskilin skiptast milli deilda.

#### 12. gr.

Göngur skulu vera a.m.k. tvennar haust hvert.

Fyrstu göngur skulu vera fyrir 20. september og síðustu göngum skal lokið fyrir hreppaskil sem eru 1. mánudag í október ár hvert. Fjallskilastjórn er heimilt að láta fara fram eftirleit á afréttarlöndum. Fjallskilanevndir ákveða hvenær göngur hefjast. Ef vart verður við búfé í afrétti eða í beitolöndum eftir síðustu göngur skal fjallskilastjóri hlutast til um að hann verði sóttur eins fljótt og verða má. Jafnframt er búfjáreigendum heimilt að fara á eigin kostnað í fjárleitir, þegar öllum lögbundnum göngum er lokið, telji þeir þess þörf.

Verði búfjáreigandi uppvis af því að setja búfé í afrétt eftir göngur, er fjallskilanevnd heimilt að láta sækja féð á kostnað viðkomandi.

**13. gr.**

Fjallskilastjóri kveður íbúa fjallskiladeildar með gangnaboði til fjallskila með hæfilegum fyrirvara, eigi síðar en 14 dögum fyrir fyrsta boðaðan gangnadag. Í gangnaboði skal nákvæmlega taka fram hverjum ber að leggja til fjallskil það haust. Fjallskilastjórar skulu sjá til þess að fjallskilaseðlar viðkomandi deildar séu birtir opinberlega á heimasíðu sveitarfélagsins strax og þeir hafa verið gefnir út. Ef einhver vanrækir að gera fjallskil, sem honum ber, skal hann borga þau ásamt sekt í fjallskilasjóð. Sektargreiðsla getur numið allt að helmingi af matsverði fjallskilanna, sbr. 44. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

**14. gr.**

Fjallskilastjórar skulu skipa einn gangnastjóra fyrir hvern gangnaflokk. Gangnastjóri skal skipa fyrir um tilhögun gangna og hafa alla stjórn á þeim. Hann skal sjá um að fjársöfn séu rekin með reglu til réttar og kveðja menn til að gæta safnanna þar til fænaður er kominn í náttuga. Göngum er ekki lokið fyrr en safnið er komið til réttar eða í náttólf. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnastjóra sínum. Gangnastjóri skal minna gangnamenn á að fara svo vel sem unnt er með fé og hross í göngum. Gangnastjóri skal fá greidda sanngjarna þóknun fyrir gangnastjórnina, eftir ákvörðun fjallskilaneftdar viðkomandi deildar.

## IV. KAFLI

**Um hreinsun heimalanda.****15. gr.**

Hver ábúandi eða umráðamaður lands er skyldur að hreinsa land sitt að hausti, þótt hann eigi þar ekki fjárvon sjálfur skv. 39. og 41. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986. Skal því vera að fullu lokið fyrir hreppaskil eða 1. mánudag í október ár hvert. Skal öllu óskilafé komið til næstu skilaréttar og viðkomandi fjallskilastjóra tilkynnt um búfænaðinn.

**16. gr.**

Fjallskilaneftdum er heimilt að skipa fyrir um reglulegar smalanir heimalanda samtímis hverjum göngum. Þar sem viðlend beitolnd liggja að afrétti skulu smalanir þessar fara fram samhliða afréttargöngum. Ef fé gengur á leitarsvæðum eftir hreppaskil er hverjum sem er heimilt að ná fenu og/eða skylt að tilkynna það til viðkomandi fjallskilastjóra. Þetta á jafnt við um afrétti og beitolnd.

## V. KAFLI

**Um réttun sauðfjár, geitfjár og hrossa.****17. gr.**

Fjallskilaneftd ber að sjá um að skilgreindar skilaréttir séu hæfilega stórar, nægilegt dilkrými sé til staðar og að réttinni sé vel við haldið. Fjallskilaneftd er heimilt að setja reglur um afnot og umgengni skilarétta í sinni umsjón.

Við hverja skilarétt skal vera sér dilkur fyrir ómerkinga, sjúkt fé og fé af öðrum svæðum.

Skilaréttir eru:

1. Holtsrétt.
2. Flókadalsrétt.
3. Árhólarétt.
4. Deildardalsrétt.

5. Laufskálarétt.
6. Silfrastaðarétt.
7. Hlíðarrétt Vesturdal.
8. Mælifellsrétt.
9. Staðarrétt.
10. Skarðarétt.
11. Selnesrétt.
12. Stafnsrétt, að hluta.

Fjallskilanefnd er heimilt að setja upp og/eða halda úti aukaréttum samkvæmt samkomulagi fjallskilanefnda við landeiganda. Þær eru m.a.: Kleifnarétt, Neskotsrétt, Stíflurétt, Gilsbakkarétt, Skarðsárarétt, Hofsrétt Vesturdal, Egilsárarétt og Sauðárkróksrétt.

Rétta skal sauðfé, geitfé og hross í þessum réttum á þeim tímum, sem fjallskilanefndir ákveða, að loknum göngum. Hver fjallskilanefnd ákveður á sínu svæði, hvaða lönd smala skuli til hverrar réttar. Rísi ágreiningur út af þessu sker sveitarstjórn úr.

#### 18. gr.

Fjallskilanefndir skulu skipa réttarstjóra við hverja rétt. Réttarstjórn má teljast með fjallskilum. Réttarstjóri skal vera kominn til réttar í tæka tíð hvern réttardag. Hann skipar fyrir hvernig drætti skuli hagað og heldur mönnum til starfa. Vanræki einhver réttarstörfinn skal réttarstjóri ráða mann til starfans á hans kostnað. Réttarstjóri má skipa áreiðanlega menn til að kanna fé manna, áður en það er tekið frá réttinni. Fjallskilastjóri skal skipa menn til að vera réttarstjóra innan handar við töfludrátt og yfirleitt við réttarstörfinn.

#### 19. gr.

Réttarstjóri skal láta taka allar sjúkar kindur úr safninu eða réttinni, undir eins og þeirra verður vart, og einangra þær. Hann skal sjá um að ómörkuð lömb séu hirt í réttinni og dregin í sérstakan dilk, svo eigendum gefist kostur á að láta mæður helga sér þau. Helgi hryssur eða ær sér ekki ómerkinga eru þeir eign viðkomandi fjallskilasjóðs. Að loknum réttarstörfum skal réttarstjóri afhenda fjallskilastjóra alla ómerkinga til ráðstöfunar í samræmi við VIII. kafla laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

Frá aukaréttum skal láta ómerkinga ganga til aðalréttar með öðrum úrtíningi. Réttarstjóri skal kveðja menn til að skoða úrtíning vandlega eftir þeim merkjakerfum sem viðurkennd eru og mega þeir ekki hverfa frá fyrir en fulllokið er, nema með leyfi réttarstjóra. Allir fjáreigendur skulu gæta þess, að fé þeirra verði ekki eftir í úrtíningi. Meðan varnir gegn sauðfjársjúkdómum haldast, skulu ákvæði sauðfjársjúkdómanefndar gilda um meðferð ómerkinga og óskilafjár. Frá hverri aukarétt skulu kvaddir menn til að reka eða flytja úrtíning tafarlaust til skilaréttar, svo að hann sé þangað kominn áður en réttarstörfum er lokið.

#### 20. gr.

Fjallskilanefndir skulu skipa menn til að fara í réttir annarra svæða, þar sem helst er fénaðarsamgangur, til að hirða fé og hross fyrir sveitunga sína. Maður sá sem sendur er til að hirða fénað í réttum, á fjárskilum og á öðrum samrekstrardögum annarra sveita, má ekki fara þaðan fyrir en úrtíningur hefur verið skoðaður vandlega eftir markaskrá og, ef við á, eftir örmerkjalestur.

**21. gr.**

Stóðhross skulu dregin í sundur í skilaréttum og aukaréttum í hverri fjallskiladeild. Meðan á réttum stendur, skal réttarstjóri gæta þess, að hryssum gefist kostur á að helga sér folöld, og skal hann kappkosta að haga allri meðferð á hrossum þannig að ekki hljótist slys af. Þau hross, sem ekki þekkjast og enginn hirðir, skal fara með sem óskilafénað og þau seld nauðungarsölu, sbr. 4. mgr. 59. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

**VI. KAFLI****Um fjármörk og markaskrá.****22. gr.**

Búfjáreigendum er heimilt að nota viðurkennd eignarmörk en að öðru leyti er búfjáreigendum skylt að fara eftir IX. kafla laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, og reglugerð sem gildir um merkingu búfjár, nr. 916/2012.

**VII. KAFLI****Almenn ákvæði.****23. gr.**

Það er stranglega bannað að svelta búfénað eða misþyrma honum á nokkurn hátt í göngum eða við heimalandasmölun, rekstur, gæslu og réttarstörf.

**24. gr.**

Nú verður vart búfjár í ógöngum og er þeim þá skylt, er sér, að tilkynna það fjallskilastjóra viðkomandi fjallskiladeildar. Skal hann þá leitast við að fá færa menn til að bjarga fénu, ef fært þykir. Sé björgun óframkvæmanleg eða of hættuleg að dómi björgunarmanna er skylt að skjóta féð sé það unnt. Takist björgun búfjár úr slíkum ógöngum, greiðir eigandi búfjár helming björgunarkostnaðar en sveitarsjóður, þar sem eigandi búfjár er heimilisfastur, hinn hluta kostnaðar. Náist búfé hins vegar ekki lifandi skal sveitarsjóður, þar sem björgunartilraunin var gerð, bera allan kostnað vegna tilraunarinnar, sbr. 57. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

**25. gr.**

Með mál sem varða ítölu og verndun beitilands skal farið eftir ákvæðum III. kafla laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

**26. gr.**

Sveitarstjórn sker úr öllum ágreiningi milli fjallskilaneftnda út af fjallskilamálum. Sömuleiðis heyra undir úrskurð hennar kærur og kröfur á hendur fjallskilaneftndum er snerta fjallskilamál. Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sveitarstjórnar.

**27. gr.**

Brot gegn ákvæðum fjallskilasamþykktar þessarar varða sektum samkvæmt lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

Með mál sem rísa út af brotum gegn ákvæðum fjallskilasamþykktarinnar skal fara að hætti laga um meðferð sakamála og þau rekin fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra.

**28. gr.**

Fjallskilasamþykkt þessi, sem sveitarstjórn Skagafjarðar hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilasamþykkt fyrir Skagafjarðarsýslu nr. 717/2021.

*Skagafirði, 24. apríl 2026.*

**Sigfús Ingi Sigfússon** sveitarstjóri.

---

B deild - Útgáfudagur: 11. maí 2026